

Miðvikudaginn 15. apríl 1964.

Nr. 136/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Þórarni Hinrikssyni** (Árni Guðjónsson hrl.).

**Dómenður:**

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Áfengislagabrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Framhaldspróf, sem háð hafa verið eftir uppsögu héraðsdóms, hafa ekki leitt neitt nýtt í ljós, sem áhrif geti haft á úrlausn máls þessa. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, kr. 4000.00, og laun verjanda síns, kr. 4000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óbreyttur að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þórarinn Hinriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1963.**

Ár 1963, mánudaginn 20. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristins-

syni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 3002/1963: Ákærvaldið gegn Þórarni Hinrikssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 24. janúar 1963, höfðað gegn ákærða, Þórarni Hinrikssyni leigubifreiðarstjóra, Bergþóru-götu 15 A, Reykjavík, fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4. mgr. sbr. 3. mgr. 19. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengisлага nr. 58/1954. Þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við framangreind lagaákvæði með því að hafa haft meðferðis í leigubifreiðinni R 9109, öku- maður Jón Óskar Jóhannsson, 12 flöskur af áfengi, en áfengi þetta, sem lögreglumenn tóku í bifreiðinni á Snorrabraut í Reykjavík laugardagsmorguninn 7. júlí 1962, um kl. 1035, þykir ákærði hafa ætlað til sölu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku áfengisins samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengis- laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 7. september 1921 að Ölvisholti, Holt- hreppi, Rangárvallasýslu. Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1940 23/7 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt og 29.13 í skaða- bætur vegna ölvunar og óspekta.
- 1944 28/12 í Hafnarfirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og árás.
- 1953 16/4 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 22/6 í Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfeng- isлага.
- 18/7 í Rvík: Áminning fyrir ónæði og illindi.
- 1954 27/1 í Rvík: Dómur: 3000 kr. sekt fyrir áfengissölu.
- 1955 17/8 í Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1957 26/11 í Rvík: Áminning fyrir óskoðaða bifreið.
- 1958 11/8 í Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1961 4/2 í Rvík: Sátt, 5000 kr. sekt fyrir brot gegn 18. og 19. gr. áfengisлага.
- 1961 9/3 í Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 23/12 í Rvík: Áminning fyrir brot á 232. gr. hegningarlaga.
- 1962 16/3 í Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 12/11 í Rvík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 7. júlí 1962, klukkan um 1030, voru tveir lög- reglumenn á eftirlitsferð um Snorrabraut hér í borg. Veittu þeir því þá athygli, að öku maður leigubifreiðarinnar R 9109, er þeir báru kennsl á, kom með kassa áfengis úr áfengisverzlun ríkisins

og lét í farangursgeymslu bifreiðar sinnar. Í bifreiðinni sat ákærði í máli þessu, en lögreglumennirnir þekktu hann sem öku- mann á bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg. Lögreglumennirnir gáfu sig á tal við hina tvo menn, og bar þeim saman um, að ákærði væri eigandi áfengiskassans, en í honum voru 12 flöskur af brennivíni, að söluverði samtals krónur 2.280.00. Skýrði ákærði lögreglumönnum svo frá, að hann hefði í huga að drekka áfengi þetta sjálfur og ætlaði í réttir þá um helgina.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu sem og fyrir dómi var frásögn ákærða hin sama um fyrirhugaða notkun áfengisins. Kvaðst hann hafa verið á förum í réttir, enda verið eigandi 17 kinda, og þá hugsað sér að neyta áfengisins og veita kunningjum sínum. Tók ákærði fram í því sambandi, að ýmsir kunningjar sínir hefðu hjálpað sér við rúningar á sumrin og aðstoðað sig á annan hátt við kindurnar, en vegna lómunar væri hann 75—80% öryrki til erfiðisvinnu. Ákærði greindi svo frá á dómþingi hinn 7. nóvember 1962, að hann hefði ekið leigubifreið til mannflutninga s.l. tæp 16 ár og haft allsæmilegar tekjur af þeim starfa sínum. Ákærða var gefinn kostur á að ljúka máli þessu með dómsátt, en hafnaði þeim málalokum.

Með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands, sem upp var kveðinn hinn 22. febrúar 1961 í máli ákæruvaldsins gegn Þorsteini Skúlasyni, verður að telja, að löggæzlumennirnir hafi greint sinn haft rökstuddan grun um, að áfengið í nefndri bifreið hafi verið ætlað til ólöglegrar sölu. Svo sem sakavottorð ákærða ber með sér, hefur hann á árinu 1954 hlotið sektardóm fyrir áfengissölu, sem og hinn 4. febrúar 1961 samþykkt 5000 króna sektargreiðslu fyrir bot gegn 18. og 19. gr. áfengislaga. Með hliðsjón af því m. a. verður ekki talið, að ákærði hafi í máli þessu fært að því nægilega sterkar líkur, að áfengi það, sem tekið var úr vörzlum hans hinn 7. júlí 1962, hafi ekki verið ætlað til sölu. Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að ákvarða sekt hans kr. 22.800.00 til Menningarsjóðs, en vararefsing þykir hæfilega ákveðin varðhald 50 daga.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, ber samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga að gera upptækt til handa ríkissjóði áfengi það, er málinu fylgir.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 2.500.00.

## Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Hinriksson, greiði 22.800.00 króna sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi 50 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Upptækt er til handa ríkissjóði áfengi það, er málinu fylgir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. apríl 1964.

Nr. 145/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Ingólfi Guðmundssyni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

## Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ákæra um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Ákærði ók bifreið sinni Ford-Zephyr, R 8644, frá Ölfusá áleiðis til Reykjavíkur síðdegis hinn 6. september 1962. Neðan við efstu brekkuna í Kömbum tók bifreiðin að hrökklast á veginum. Skipti það engum togum, að ákærði missti stjórn á henni, og steyptist hún út af veginum vinstra megin, miðað við akstursstefnu hennar, fór eina veltu og stöðvaðist síðan á hjólunum. Skemmdist bifreiðin mikið. Ákærði varð vitaskuld fyrir miklu hnjaski. Kveðst hann hafa m. a. fengið mikið höfuðhögg og verið ringlaður eftir áfallið, en hlaut eigi stórmeiðsl.

Tvær bifreiðar voru efst í Kömbum á niðurleið, og urðu bifreiðastjórnarnir á þeim vitni að óförum ákærða. Stöðv-  
uðu vitni þessi bifreiðar sína og áttu tal við ákærða. Virtist